



„Hann var í skóm eins og afi minn átti“



Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnisins
Tónlist tengir kynslóðir 2006-2007

Kristín Björnsdóttir, María Sighvatsdóttir og Sigrún Ásta Kristinsdóttir

Efnisyfirlit

Samantekt.....	3
Inngangur	4
Markmið.....	5
Lýsing á verkefninu.....	6
Undirbúningur í leikskólanum	6
Uppbygging samverustunda.....	6
Fundir og skipulag.....	8
Fagleg útfærsla.....	8
Niðurstöður og mat á verkefninu	9
Niðurstöður og mat á verkefninu	10
Alhliða þroski barnsins	11
Tengin við Aðalnámskrá leikskóla.....	13
Hjálpsemi og ábyrgðarkennd gagnvart öllu fólki.....	15
Þátttaka í tónlist og sögum tveggja kynslóða	16
Ánægjulegar og eftirminnilegar samverustundir.....	18
Mikilvægi óformlegrar samveru.....	20
Lokaorð.....	21
Heimildir.....	22
Viðauki 1 – Lög, söngvar og sögur.....	23
Viðauki 2 – Lag eftir skjólstæðing Fríðuhúss	28

Samantekt

Dregið hefur úr samskiptum yngstu og elstu kynslóða með breyttri samfélagsmynd. Verkefnið *Tónlist tengir kynslóðir*, sem hér verður gert grein fyrir var unnið skólaárið 2006-2007 fyrir styrk frá Þróunarsjóði leikskóla. Tilgangur verkefnisins var að stuðla að samskiptum milli tveggja kynslóða og fólst í því að elstu börnin á leikskólanum Vinagarði heimsóttu skjólstæðinga Fríðuhúss einu sinni í mánuði. Fríðuhús er aðstandendarekið dagvistarheimili fyrir eldra fólk með heilabilun. Börn og fullorðnir sameinuðust í söng- og sögustundum þar sem sungin voru gömul og ný sönglög, spilað á hljóðfæri, hreyft sig og dansað. Áhersla var lögð á virka þátttöku barna og fullorðinna. Sögur og söngvar voru notaðir til að kveikja umræður milli barna og fullorðinna. Hreyfingar, dans og hljóðfæri voru notuð til að skapa nálægð og stuðla að samvinnu. Börnin fengu tækifæri til þess að læra um liðna tíma um leið og eldra fólk fékk tækifæri til að fylgjast með vaxandi kynslóð. Niðurstöður verkefnisins benda til þess að skipulagðar samverustundir milli aldraðra og leikskólabarna geta haft jákvæð áhrif á báða hópa.

Inngangur

Próunarverkefnið *Tónlist tengir kynslóðir* á rætur sínar að rekja til verkefnis sem Áskirkja í Reykjavík stóð fyrir á árunum 1999 – 2003. Til stóð að stofna barnakór í þeim tilgangi að efla tónlistarstarf innan kirkjunnar. Innan sóknarmarka Áskirkju er hins vegar enginn skóli, en þar eru nokkur



dvalarheimili aldraðra og tveir leikskólar. Ákveðið var að stofna til sögu- og söngstunda fyrir leikskólabörn og íbúa Hrafnistu. Upphaflega voru stundirnar einu sinni í viku fyrir fimm börn og fimm íbúa á Hrafnistu. Verkefnið þróaðist, breyttist og fleiri börn og fullorðnir fengu tækifæri á þátttöku.

Vinagarður hefur tekið þátt í þessu verkefni frá upphafi. Vinagarður er kristlegur leikskóli, staðsettur í Laugardalnum í Reykjavík. Leikskólinn er einkaskóli og rekinn af KFUM&KFUK á Íslandi. Starf leikskólans tekur mið af aðalnámsskrá leikskóla en auk þess er gengið út frá forsendum kristinnar trúar og áhersla lögð á kristna fræðslu, kristlegt siðgæði og að barnið öðlist grundvallartraust sem er viðfangsefni í trúarlegri uppeldismótun.

Sumarið 2002 fór leikskólinn í fyrsta skiptið í heimsókn í Fríðuhús. Skólahópurinn hafði æft *Þúsaldarljóðin* og hafði starfsmaður Fríðuhúss heyrt hópinn syngja ljóðin á útskriftarhátíð leikskólans. Það varð til þess að hópurinn var fenginn til þess að heimækja og syngja fyrir skjólstæðinga Fríðuhúss. Það var mat starfsfólks Fríðuhúss og Vinagarðs að allir hefðu haft gott og gaman af þessari heimsókn og því var formlegu samstarfi komið á.

Þáttaskil urðu í kynslóðaverkefninu skólaárið 2005-2006 þegar Borghildur Guðmundsdóttir, nemi í leikskólafræðum, fléttaði stundirnar inn í lokaverkefni sitt við Kennaraháskóla Íslands. Áður skipulagði og stjórnaði Kristín Björnsdóttir músík-þerapisti stundunum sem tengdust daglegu lífi leikskólans eingöngu óbeint. Hins vegar þótti ljóst að mikilvægt væri að tengja stundirnar betur starfi Vinagarðs með því að starfsfólk leikskólans skipulegði og stjórnuðu sögu- og söngstundunum sjálf og að skoðað yrði með markvissum hætti hvað hægt væri að læra af samskiptum aldraðra og elstu barnanna í leikskólanum.

Verkefnið *Tónlist tengir kynslóðir*, sem hér verður gerð grein fyrir var unnið skólaárið 2006-2007 fyrir styrk frá Þróunarsjóði leikskóla. Verkefnið var framkvæmt af starfsfólki Vinagarðs í samvinnu við Kristínu Björnsdóttur og starfsfólk Fríðuhúss.

Markmið

Dregið hefur úr samskiptum yngstu og elstu kynslóða með breyttri samfélagsmynd. Tilgangur verkefnisins *Tónlist tengir kynslóðir* var að stuðla að samskiptum milli tveggja kynslóða. Verkefnið fólst í því að elstu börnin á leikskólanum heimsóttu skjólstæðinga Fríðuhúss reglulega. Fríðuhús er aðstandendarekið dagvistarheimili fyrir eldra fólk með heilabilun.

Börn og fullorðnir sameinuðust í söng- og sögustundum þar sem sungin voru gömul og ný sönglög, spilað á hljóðfæri, hreyft sig og dansað. Áhersla var lögð á virka þátttöku barna og fullorðinna. Sögur og söngvar voru notaðir til að kveikja umræður milli barna og fullorðinna. Hreyfingar, dans og hljóðfæri voru notuð til að skapa nálægð og stuðla að samvinnu. Börnin fengu tækifæri til þess að læra um liðna tíma um leið og eldra fólk fékk tækifæri til að fylgjast með vaxandi kynslóð.

Markmið verkefnisins var að stuðla að samskiptum milli tveggja kynslóða.

Undirmarkmið verkefnisins var:

- Að efla alhliða þroska barnsins
- Að hvetja börnin til hjálpssemi og ábyrgðarkenndar gagnvart öllu fólk
- Að gefa færi á þátttöku í tónlist og sögum tveggja kynslóða
- Að skapa ánægjulegar og eftirminnilegar samverustundir

Rannsóknarspurning verkefnisins: Hvað getum við lært af samskiptum aldraðra og elstu barnanna í leikskólanum?

Lýsing á verkefninu

Upphaflega stóð til að elstu börnin á leikskólanum Vinagarði heimsæktu skjólstæðinga Fríðuhúss vikulega. Eins og fram hefur komið er Fríðuhús aðstandendarekið dagvistarheimili fyrir eldra fólk með heilabilun. Þar sem mikið og fjölbreytt starf er unnið á báðum stöðum



var eingöngu hægt að koma á heimsóknum einu sinni í mánuði. Samvinna við bókasafn, skólahópar og kirkjustarf aldraðra voru meðal þeirra verkefna sem börn og fullorðnir þurftu einnig að gefa sér tíma fyrir.

Undirbúningur í leikskólanum

Allur undirbúningur fyrir sögu- og söngstundirnar var framkvæmdur af starfsfólki leikskólans. Sigrún Ásta Kristinsdóttir, leiðbeinandi, stjórnaði stundunum, en hún hefur tekið þátt í verkefninu frá upphafi. Sögu- og söngstundirnar voru þematengdar, en vinátta og kærleikur var ávallt undirliggjandi þráður í þessum stundum. Þemun tengdust viðfangsefnum fimm ára hópsins og verkefnið markvisst fléttað inn í umræður og hópavinnu. Eins var markvisst unnið með námsþætti aðalnámskrár í tengslum við verkefnið.

Þorbjörg Björk Tómasdóttir, kennaranemi og leiðbeinandi á leikskólanum sá um undirspil og tónlistarflutning í söngstundunum.

Tólf börn tóku þátt í verkefninu og fóru í heimsóknir í Fríðuhús fyrsta þriðjudag í mánuði. Til að undirbúa börnin og gera þau öruggari var unnið markvisst með sönglöggin á leikskólanum fyrir samverustundirnar í Fríðuhúsi. Sigrún Ásta og Þorbjörg Björk hittu börnin í sameiginlegri samverustund í hádeginu til að kenna þeim ný lög og rifja upp gömul.

Uppbygging samverustunda

Samverustundirnar voru alltaf eins upp byggðar og innan þess ramma var samt sem áður ákveðið svigrúm svo hægt væri að laga stundirnar að aðstæðum hverju sinni. Í upphafi var alltaf sungið sama lagið, *Við setjumst hér í hringinn*, og endað á barnasálminum *Leiddu mína litlu hendi*. Þetta veitti börnunum og eldra fólkinu ákveðið öryggi, þau sameinuðust í söng, leiddust og treystu vinaböndin.



Samverustundirnar voru þematengdar og oft tengdar árstíðunum. Sem dæmi má nefna haustlögin, en þá var verið að vinna með haustið í skólahópunum í leikskólanum. Í byrjun standa börnin í röð, eins og kór, og sungu lög um vináttu. Eftir hvert lag klöppuðu *gömlu vinirnir* fyrir börnunum og skemmtileg stemming myndaðis t.

Eftir lagasyrpu barnanna var lesin saga og þá settust börnin á stólarmana hjá vinum sínum og allir hlustuðu af mikilli athygli. Það fór síðan eftir aðstæðum hvað mikið var rætt um söguna. Best reyndist að segja sögur í stað þess að lesa úr bók fyrir hópinn. Þá náði stjórnandinn betra augnsambandi við hópinn og átti auðveldara með því að halda athygli þeirra.

Í seinni hluta samverustundarinnar var sungið meira og eftir lokasönginn heilsuðu börnin hverjum og einum vana sinna. *Gömlu vinirnir* höfðu orð á því hversu þakklátir þeir væru fyrir heimsókn barnanna og þóttu börnin sýna mikla hlýju og innileika.

Áður en börnin héldu aftur heim á leikskóla fengu þau hressingu, ávaxtadrykk og kökur. Ekki var pláss fyrir börnin og eldra fólk til þess að borða saman. Þá gerðist það stundum að einhver af *gömlu vinunum* spilaði á munnhörpu eða píanó. Og laumuðu börnin sér oft inn í stofu og tóku undir í söng. Annar af *gömlu vinunum* átti það til að leggja fyrir börnin gátur og ef börnin skyldu þær ekki eða áttu erfitt með að ráða þær, hjálpuðu *gömlu vinirnir* þeim með svörin.

Þrátt fyrir að samverustundunum væri formlega lokið var gönguferðin heim á leikskóla líka mikilvæg og góð stund. Þá var spjallað saman um ýmislegt sem fyrir augu og eyru bar og skipst á sögum.

Fundir og skipulag

Í upphafi verkefnisins og reglulega eftir það hittust leikskólastjóri, kennarar leikskólans, Sigrún Ásta og Kristín Björnsdóttir og unnu saman að útfærslu á framkvæmd verkefnisins. Í upphafi var ákveðið að leita eftir ráðgjöf frá leikskólabraut Kennaraháskóla Íslands, en eftir að verkefnið var hafið var ljóst að ekki væri mögulegt að koma á samstarfi milli leikskólans og sérfræðinga KHÍ innan tímaramma þróunarverkefnisins.



Kristín Björnsdóttir tók að sér verkefnastjórn og faglegan stuðning við verkefnið. Auk þess framkvæmdi hún svokallaðar þátttökuathuganir í Fríðuhúsi og leikskólanum (sjá nánar í umfjöllun um mat á verkefni).

Fagleg útfærsla

Fagleg útfærsla sem lögð er til grundvallar þróunarverkefninu *Tónlist tengir kynslóðir* byggir m.a. á lokaverkefni Borghildar Guðmundsdóttur (2006) í leikskólafræðum við Kennaraháskóla Íslands. Niðurstöður Borghildar benda til þess að þrátt fyrir að heimsóknir leikskólabarna í Fríðuhús sé eingöngu einu sinni í mánuði sé þetta góð leið til að veita börnum tækifæri til að kynnast öldruðum og gefur þeim tækifæri til þess að læra að virða þá og meta.

Verkefnið byggir einnig á rannsóknum Joan Shaw og Carna Manthey (2001) um þátttöku barna og aldraðra í sameiginlegum tónlistarstundum og skýrslum Kristínar Björnsdóttur um tónlistar- og sögustundir undanfarinna ára.

Verkefnið miðast við að efla alhliða þroska barnsins og skoða hvað við getum lært af samskiptum tveggja kynslóða. Litið var á þroska barnsins sem heild og gengið út frá því að þroski barnsins byggist á samspili mismunandi þroskaþátta (Gordon og Williams-Browne, 1996). Verkefnið tengist einnig hugmyndum Mariu Motessori, en hún lagði áherslu á að

börnin skynjuðu sig sem hluta af stærri heild fólks á öllum aldri og hvatti t.d. kirkjuna til þess að bjóða upp á sameiginlegt helgihald barna og fullorðinna. Þar var tónlistin mikilvægur þáttur og fengu börnin að taka þátt í tónlistarflutningi með einföldum hljóðfærum (Sigurður Pálsson, 2001).



Niðurstöður og mat á verkefninu

Í þróunarstarfi er mikilvægt að meta hvernig til tekst bæði með tilliti til þess hvort innleiða eigi verkefnið inn í leikskólastarfið og fyrir aðra til að læra af. Upplýsingum um framgang verkefnisins var safnað með uppeldisfræðilegum skráningum, viðtölum við börnin og með spurningalista fyrir foreldra.



Leikskólakennarar framkvæmdu uppeldisfræðilegar skráningar í daglegu starfi leikskólans. Þessar skráningar voru gerðar með því að taka myndir og skrá niður ýmsar upplýsingar varðandi leik og samskipti barnanna.

Verkefnastjóri framkvæmdi þátttökuathuganir í söngstundunum í Fríðhúsi og fylgdist með daglegu starfi á Vinagarði. Í þátttökuathugunum fer rannsakandinn á vettvang til þess að kynnast lífi og störfum fólks. Rannsakandinn (verkefnastjórinn) er þátttakandi á vettvangi, fylgist með þátttakendum í eigin umhverfi og aflar upplýsinga um samskipti, samtöl og allt það sem fyrir augu og eyru ber (Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir, 2001; Kristín Björnsdóttir, 2002).

Spurningalisti var lagður fyrir foreldra leikskólabarnanna og þau beðin um að ræða um Fríðuhús við börnin sín. Einnig var rætt við tvo fyrrverandi nemendur leikskólans sem höfðu tekið þátt í verkefninu 2005 - 2006.

Hvorki upphafleg framkvæmda- né kostnaðaráætlun fyrir verkefnið stóðst. Í byrjun var hugmyndin að heimsækja Fríðuhús vikulega, en eins og fram hefur komið var ekki hægt að framkvæma það vegna annarra verkefna bæði í leikskólanum og í Fríðuhúsi. Mikill tími fór í skráningar tengdar verkefninu, undirbúning fyrir söngstundirnar og fundi auk þess sem hljóðfæri og annað smávægilegt var keypt fyrir verkefnið og því fór kostnaðaráætlun fram úr áætlun. Leikskólinn stóð sjálfur undir þeim auka kostnaði sem hlaust vegna verkefnisins.

Verkefnið *Tónlist tengir kynslóðir* hefur verið kynnt víða eins og t.d. á málþingi RKHÍ, Kirkjudögum, opnum fyrirlestri á vegum Rannsóknarstofu LHS og HÍ í öldrunarfræðum, á

ýmsum þjónustu- og öldrunarstofnunum, í Háskólum á Íslandi og Englandi, í Vinagarði og Fríðuhúsi og á heimasíðu leikskólans.

Eftirfarandi eru helstu niðurstöður okkar úr mati á verkefninu. Í upphafi verkefnisins vildum við skoða með markvissum hætti hvað hægt væri að læra af samskiptum aldraðra og elstu barnanna í leikskólanum.

Alhliða þroski barnsins

Í verkefninu *Tónlist tengir kynslóðir* var litið á þroska barnsins sem heild og gengið út frá því að þroski barnsins byggist á samspili mismunandi þroskaþátta (Gordon og Williams-Browne, 1996). Mjög áhugavert var að skoða uppeldisfræðilegar skráningar frá upphafi verkefnisins í september til maíloka.



Mikill munur var á samskiptum milli kynslóða í upphafi skólaársins og í lokin. Til að mynda frá mars fram í maí var áberandi hvað börnin og eldra fólkið spjallað mikið saman eftir söngstundirnar. Meira heldur en þau höfðu gert í upphafi.

Börnin voru mjög athugul og tóku eftir því hvort eldra fólkið tók þátt í stundunum eða ekki og höfðu sínar skýringar á því. Í október þegar börnin voru nýkomin úr Fríðuhúsi spurði kennari einn fimm ára drenginn hvernig hafi gengið:

*Drengur: Það var gaman.
Kennari: Hvað gerðuð þið þar?*

*Drengur: Ég knúsaði alla, en einn var heyrnarlaus.
Kennari: Af hverju heldur þú það?*

Drengur: Hann klappaði ekki. Hann klappaði aldrei.

Eins tóku þau eftir því ef einhver gat ekki talað eða tjáð sig og öll höfðu orð á því að einn maðinn vantaði fingur. Stúlka sagði: *Það var gaman í Fríðuhúsi. Einn er með þrjá putta. Ég gáði að því.*

Eftir að verkefninu var formlega lokið voru nokkur barnanna spurð um það hvað þau gerðu í Fríðuhúsi:

- Stúlka1:* Við fáum að borða
Stúlka2: Syngja fyrir gamalt fólk.
- Drengur1:* Til að láta gamla fólkinu líða vel. Til að gleðja það og elska það.
Drengur2: Við heilsum fólki.
- Stúlka3:* Gamalt og veikt fólk
Stúlka4: Einn missti tvo putta.
- Drengur3:* Einn spilar á munnhörpu.
Drengur1: Fólkið er gott við okkur þegar við erum búin að syngja. Gefa okkur að borða. Við höfum líka hlustað á gamla fólkið syngja. Fólkið faðmar okkur þegar við förum.
- Stúlka1:* Þau elska okkur.
Stúlka2: Og við elskum þau.
- Drengur1:* Við viljum vera góð við þau.
Stúlka1: Sumir spila á píanó.
- Drengur1:* Þau voru líka að dansa við okkur
Stúlka1: Einn málaði
- Drengur1:* Það er gaman að syngja fyrir þau, faðma og tala.
Stúlka5: Mér finnst gaman í Fríðuhúsi.
- Drengur1:* Það er gaman.

Einnig fór börnunum mikið fram í söng, þulum og sögum eftir því sem leið á verkefnið. Ekki var gerð athugun á því hvort einhver breyting hafi verið á færni eldra fólksins.



Helsti munur á niðurstöðum þessarar vinnu og niðurstöðum Borghildar Guðmundsdóttur (2006) eru dæmi um yfirfærslu reynslunnar í Fríðuhúsi í leik sinn í skólanum. Til að nefna einhver dæmi þá höfðu þrír drengir verið í svokölluðum árásarleik á leikvellingum sem endaði með því að einn drengjanna fékk blóðnasir. Deildarstjórinn ræddi málin og spurði þá hvort ekki væri hægt að leika einhvern annan leik:

Drengur 1: Barbie

Drengur 2: Oj, ég hata Barbie

Drengur 3: Dúkkukrók

Kennari: En úti?

Drengur 1: Róla, bökunarleik.

Drengur 2: En gamla fólkid í Fríðuhúsi?

Kennari: Hafið þið leikið það áður?

Drengirnir: Nei, gerum það núna.

Drengur 2: Förum í Fríðuhúsaleik.

Drengirnir fóru í sandkassan og léku sér fallega það sem eftir lifði útiverunnar. Þegar þeir komu inn spurði deildarstjórinn þá hvernig hafi verið í Fríðuhúsaleiknum og svaraði einn drengjanna: *Gaman, ég var konan í eldhúsinu sem bakar handa gamla fólkinu.*

Tengin við Aðalnámskrá leikskóla

Eins og í öðru leikskólastarfi var unnið markvisst með námsþætti Aðalnámskrár leikskóla (1999), þ.e. hreyfing, málrækt, myndsköpun, tónlist, náttúra og umhverfi, menning og samfélag, í tengslum við verkefnið. Byggt var á skrifum Borghildar Guðmundsdóttur (2006), en hún tengdi *Tónlist tengir kynslóðir* við Aðalnámskrá leikskóla.



Þar sem unnið er með tónlist, sögur og þulur er tengingin við tónlist og málrækt kannski augljós. Fræðimenn hafa einnig haldið því fram að tónlist hjálpi barninu við að fá tilfinningu fyrir tungumálinu og með því að kenna börnum og láta þau flytja stökur, þulur og ljóð er verið að nota ákveðna hrynjandi, blæ, hraða og styrk, sem eru frumþættir og túlkunarþættir tónlistar (Borghildur Guðmundsdóttir, 2006; Sigríður Pálmadóttir, 2003; Keith Swanwick, 2000).

Þrátt fyrir að verkefnið *Tónlist tengir kynslóðir* hafi það að markmiði að suðla að samskiptum milli tveggja kynslóða, hefur það runnið saman við önnur markmið leikskólans. Í starfi leikskólans er m.a. lögð áhersla á að börnin læri um náttúruna, læri að bera umhyggju fyrir henni og öllu því sem Guð hefur skapað.



Skólahópurinn fór fótgangandi í Fríðuhús á öllum árstíðum og í öllum veðrum og auðvelt að sjá tengingu við námsþætti eins og hreyfingu og náttúru og umhverfi. Þetta voru góðir göngutúrar og einkenndust af jákvæðum viðhorfum. Stúlka úr skólahópnum sagði: *Jebb, mér finnst sko gaman í Fríðuhúsi. En við erum alveg 20 mínútur að labba þangað.*

Á heimleið úr Fríðuhúsi var ávallt komið við að Staðarhóli við Dyngjuveg til að bera augum fallegan engil sem var þar í glugganum. Einnig var iðulega staldrað við hús þar sem oft sást til hunds í körfu í glugganum og við garð með stóru tré og velt fyrir sér hvenær fugl kæmi í hreiðrið sem lá efst í trjátoppnum.

Auðvelt er að tengja verkefnið við myndsköpun. Í Aðalnámskrá (1999: 23) stendur að „barn nýtur þess að skapa og sjá hverju það fær áorkað“. Börnin færðu skólstæðingum Fríðuhúss jólaglaðning með handgerðum jólakortum. Borghildur Guðmundsdóttir (2006) bendir einnig á að börnin geti unnið úr ferðum sínum í Fríðuhús með því að teikna myndir um upplifun sína þar.

Í Aðalnámskrá (1999: 27) segir að leikskóla beri að nýta þau menningarlegu og félagslegu tækifæri sem umhverfi hans og staðsetning gefi kost á. Auðvelt er að færa rök fyrir því að þátttaka í kynslóðaverkefni sem þessu gefi börnunum tækifæri til að kynnast íslenski menningu og samfélagi. Einnig skapar það börnunum aðstæður þar sem þau fá tilfinningu fyrir því að tilheyra samfélagi sem byggt er upp af mörgum þáttum og einstaklingum sem hafa áhrif hver á annan og tilheyra hver öðrum (Borghildur Guðmundsdóttir, 2006). Eitt skipti að vori til þegar börnin komu gangandi á leið í Fríðuhús mættu þau *gömlu vinum* sínum sem höfðu ákveðið að viðra sig og ganga til móts við börnin. *Gömlu vinirnir* voru glöð í bragði og þrátt fyrir veikindi sín (Alzheimer sjúkdóminn) virtust mörg þeirra þekkja *litlu vini* sína úr

leikskólanum. Saman var síðan haldið í humátt að Fríðuhúsi sem er *grænt hús með grænu þaki*.

Hjálpsemi og ábyrgðarkennd gagnvart öllu fólki

Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) kemur fram að leikskólinn skuli m.a. örva siðgæðisþroska og siðgæðisvitund með því að hvetja börnin til hjálpssemi og ábyrgðarkenndar gagnvart mönnum og málleysingjum. Börnin töluðu almennt um að vera góð við *gamla fólkið*, faðma það, tala við það og syngja fyrir það. Í heimsóknum sínum í Fríðuhús voru börnin ófeimin að sýna eldra fólkinu hlýju og vináttu með faðmlögum, kossum eða með því að lauma litlum höndum í stóra lófa.

Eitt skiptið rétt fyrir jól hljóp drengur inn í stofu í Fríðuhúsi þar sem *gömlu vinirnir* biðu eftir börnunum. Drengurinn kastaði sér upp í fangið á eldri manni sem leyfði honum að hvíla lúin bein í faðmi sér. Þeir sýndu gagnkvæma gleði og hlýju. Nokkrum



mínútum síðar kom lítil stúlka inn í stofuna og klifraði einnig upp í fang eldri konu og að lokum var allur hópurinn kominn inn og hvert barn búið að finna sér stað hjá *gömlum vini*.

Til þess að allir séu virkir þátttakendur í sögu- og söngstundunum er mikilvægt að börnin sitji hjá *gamla fólkinu*. Annars er hætt við að börnin syngi fyrir eldra fólkið sem fara þá í hlutverk áheyranda í stað þátttakanda og það getur komið í veg fyrir samskipti og nálægð. Í lok hverrar stundar héldu börnin í hendur *gömlu vina* sinna og allir sungu saman kveðjulag. Við það skapaðist mikilvæg nánd, hlýja og viðurkenning.

Rétt fyrir jólin æfðu börnin jólalög og fóru í heimsókn á hjúkrunarheimili fyrir aldraða við Dalbraut og Norðurbrún. Börnin hlökkuðu mikið til og voru spennt að fá að skemmta *gamla fólkinu*. Í þessum jólaheimsóknum voru börnin áberandi frjáls og heilsuðu fólkinu innilega og af mikilli alvöru. Starfsfólkið á hjúkrunarheimilunum og íbúarnir höfðu orð á því hversu óhrædd börnin voru að nálgast *gamla fólkið*. Eldri kona með tárin í augunum sagði í lok heimsóknarinnar: *Núna loksins fann ég að jólin eru að koma og núna hlakka ég svo til.*

Almennt gengu sögu- og söngstundirnar vel fyrir sig og börnin þrúð og góð. Starfsfólk leikskólans hafði tekið eftir að börn sem oft á tíðum áttu erfitt með hegðun í leikskólanum sýndu það ekki í Fríðuhúsi. Móðir spurði dóttur sína hvort allir væru stilltir í Fríðuhúsi. Stúlkan svarði: *Já og líka gamla fólkið*. Skoða þyrfti nánar hvað skýrir jákvæða hegðun umræddrar barna í þessum sögu- og söngstundum.

Í maí voru samskiptin milli kynslóða orðin mjög eðlileg og áreynslulaus. Það var áberandi hvað *gamla fólkið* var glatt að hitta *litlu vini* sína af leikskólanum og við veltum því fyrir okkur hvort verkefnið hafi á einhvern hátt átt þátt í að rjúfa félagslega einangrun *gamla fólksins*. Stjórnandi söngstundanna þekkir vel til barnanna og hegðunar þeirra og vill meina að samskipti við *gömlu vinina* hafi góð og róandi áhrif á börnin.

Börnin sýndu eldra fólkinu oft á tíðum mikinn skilning. Í eitt skipti áttu börnin og eldra fólkið að hlusta á stjórnanda söngstundarinnar og spila á hristur, trommur eða bjöllur eftir fyrirætlum stjórnandans. Einn eldri maðurinn spilaði á hristuna sína í gegnum allt lagið. Líka þegar bjöllurnar og trommurnar áttu að spila. Einn drengjanna hallaði sér upp að stjórnandanum og hvíslaði: *Ég skil hann svo vel. Það er erfitt að bíða þangað til maður má*.

Þátttaka í tónlist og sögum tveggja kynslóða

Samkvæmt hugmyndum Joan Shaw og Carina Manthey (2001) er helsti sameiginlegi ávinningur barnanna og eldra fólksins aukið sjálfstraust, gagnkvæm virðing og vinátta milli kynslóða. Og með því að syngja lög sem sungin voru í æsku eldra fólksins rifjast oft á tíðum upp skemmtilegar minningar (Boxill, 1985). Talsvert hefur verið skrifað um gagnsemi tónlistar í meðferð Alzheimerssjúklunga (til dæmis: Cevasco og Grant, 2006; Gerdner, 2005; Foley, 2004; Brotons og Marti, 2003).



Ekki var unnið markvisst með tónlist í Fríðuhúsi. Eldra fólkið tók undir í þeim lögum sem það kunni. Hins vegar reyndist erfitt að kenna þeim ný lög og er það mat okkar að sú vinna þyrfti að vera markvissari og tíðari ef árangur ætti að nást. Hins vegar er vert að taka það fram að margt af eldra fólkinu lærði upphafs- og lokalögin, þ.e. lög sem

sungin voru í hverri samverustund. Ávallt var þess gætt að notuð væri tónlist beggja kynslóða í stundunum. Í lokaverkefni Borghildar Guðmundsdóttir (2006) kemur fram að henni hafi þótt erfiðast að virkja *gamla fólkið* í söngstundunum. Þegar starfsfólk leikskólans undirbýr og framkvæmir verkefnið er hætt við að það verði leikskólamiðað. Það skýrist af því starfsfólk leikskólans þarf að uppfylla markmið Aðalnámskrár og hefur fengið þjálfun í að vinna með börnum.

Verkefnastjóri tók þátt í nokkrum söng- og sögustundum. Eitt skiptið þegar verið var að syngja hreyfisöng fylgdist einn eldri maðurinn áhugasamur með, en tók ekki þátt í söngnum. Allt í einu náði lítil stúlka augnsambandi við *gamla manninn* og brosti til hans. Hann brosti á móti, gerði hreyfingarnar með stúlkunni og þau héldu augnsambandi brosandí út lagið.



Að spila á hljóðfæri og hreyfa sig með tónlist gefur tækifæri á þátttöku án þess að börn eða eldra fólk þekki tónlistina. Að dansa saman er tilvalin leið til að skapa nálægð og stuðla að samvinnu milli kynslóðanna. Ein stúlkan dansaði iðulega við sömu eldri konuna sem steig sporin tárivot og brosandí. Þrátt fyrir að hljóðfæri séu mikilvæg og gagnast vel í söngstundum sem þessu þarf að taka tillit til þess að kennarar/leiðbeinendur sem hafa ekki reynslu eða þjálfun í því að nota hljóðfæri með börnum er ekki líklegt til þess í nýjum aðstæðum eins og kynslóðaverkefni. Þar af leiðandi þarf að veita fólki svigrúm til að þróa sínar áherslur í starfi eftir færni og áhuga, eða tækifæri til þess að æfa sig með börnunum innan leikskólans, í öruggu umhverfi.

Börnin höfðu gaman af því að syngja ný og gömul lög. Stúlka hafði sagt móður sinni frá viðfangsefnunum í Fríðuhúsi og sagðist hafa sungið lagið *Halli*. Þegar móðirin spurði hvaða lag það væri sagði stúlkan: *Skemmtilegt. Þetta er sko gamalt lag en skemmtilegt. Svo söng hún lagið fyrir móður sína.*

Skjólstæðingur Fríðuhúss samdi lag í tilefni heimsóknar barnanna fyrir jólin: *Klukknahljóð, klukknahljóð kætir englalið. Litlu börnin brosa og kætast, betra er ekkert til* (Sjá nánar viðauka 2).

Ánægjulegar og eftirminnilegar samverustundir

Ætíð var vel tekið á móti börnunum í Fríðuhúsi og klappað þegar þau komu upp stigann inn í dagsstofuna. Frá upphafi var ákveðið að leggja áherslu á ánægjulegar og eftirminnilegar samverustundir. Ef önnur markmið næðust ekki væri þá a.m.k um ánægjulegar stundir að ræða.



Eins og fram hefur komið þótti börnunum gaman í samverustundunum og sögðu oft skemmtilegar sögur eftir heimsóknirnar. Móðir spurði dóttur sína hvort gamla fólkið

syngi með þeim. Stúlkan svaraði: *Já það sem þau kunna. Einn maður sem er í grárri peysu sem syngur með okkur er rosalega myndinn. Hann ruggar sér svona til hliðar og þá förum við að hlægja.*

Starfsmenn Fríðuhúss sögðust finna fyrir tilhlökkun meðal skjólstæðinga sinna þegar von væri á heimsókn frá börnunum. Fólkið talaði fallega um börnin og spurðu milli heimsókna hvenær væri von á börnum. Og í lok hverrar stundar minntist eldra fólkið á það hversu *gaman það væri að heyra og sjá blessuð börnin.*

Afmæli eru okkur flestum mikilvæg eða a.m.k. tímamót í lífi okkar. Það hittist svo skemmtilega á að skjólstæðingur Fríðuhúss fagnaði 77 ára afmæli sínu sama dag og leikskólabörnin komu í heimsókn. Þau sungu fyrir manninn. Hann brosti breytt og klappaði saman höndunum í takt við afmælissönginn.

Þrátt fyrir að tvö ár séu liðin síðan tvær stúlkur í sjö ára bekk fóru í Fríðuhús með leikskólanum muna þær vel eftir því.

*Kennari: Munið þið eftir Fríðuhúsi?
Stúlkurnar: Já*

*Kennari: Hvað gerðuð þið þar?
Freyja: Við sungum og fengum að borða.*

*Kennari: Hverjir voru í Fríðuhúsi?
Hjördís: Gamla fólkið.
Freyja: Ég man alla vega ekki hvað þau hétu. Ég man eftir einum sem vantaði þumal. Það voru svo margir að það ruglar mér alveg saman.*

*Kennari: Af hverju fóruð þið í Fríðuhús?
Hjördís: Til þess að gleðja gamla fólkið. Þau voru glöð.
Freyja: Hvað ertu að meina tveimur árum síðan. Það eru þrjú ár. Ég er sko búin að lifa í átta ár og það eru þrjú ár síðan ég var fimm.*

[...]

*Kennari: Hvernig vissuð þið að fólkið var glatt?
Hjördís: Við sáum það á þeim.*

*Kennari: Af hverju voruð þið að gleðja gamla fólkið?
Freyja: Þau eru kannski ekki rosa, rosa glöð.*

[...]

*Kennari: Viljið þið fara aftur í Fríðuhús?
Stelpurnar: Já það var gaman þar.*

Í upphafi var það von okkar að jákvæðar samverustundir og jákvæð reynsla af því að umgangast aldrað fólk ætti eftir að hafa mótandi áhrif á leikskólabörnin. Ekki er hægt að meta hvort svo er, enda börnin sem tóku þátt í þróunarverkefninu eingöngu sex ára gömul og rétt að hefja grunnskólagöngu sína. Það gefur okkur hins vegar byr undir báða vængi að fyrrverandi nemendur skuli muna eftir heimsóknum sínum í Fríðuhús og hafa áhuga á að fara þangað aftur.

Mikilvægi óformlegrar samveru

Frá því að leikskólaheimsóknirnar hófust fyrst á Hrafnistu og síðar í Fríðuhúsi hefur undirrituðum verið það ljóst að óformleg samvera og samskipti milli kynslóðanna er ekki síður mikilvæg heldur en skipulagðar sögu- og söngstundir. Á Hrafnistu var boðið upp á kex og Svala í lok hverrar stundar. Börnin skiptust á að bjóða eldra fólkinu upp á kex og skemmtileg nálægð myndaðist þegar börnin hjálpuðu eldra fólkinu við að koma rörinu í Svalann. Allir voru sammála því að *kaffítíminn* eftir söngstundirnar var jafn mikilvægur og stundin sjálf.



Í Fríðuhúsi var einnig boðið upp á hressingu í lok söngstundanna. Þar er hins vegar lítið eldhús og ekki mögulegt fyrir börn og fullorðna að drekka saman. Þessi *kaffítími* er engu að síður mikilvægur bæði fyrir börn og fullorðna. Það hefur nokkrum sinnum komið fyrir að skólustæðingar Fríðuhúss hafi sjálfir bakað fyrir börnin. Það er okkur öllum mikilvægt að hafa tilgang í hinu daglega lífi og því jákvætt tækifæri fyrir eldra fólk að viðhalda færni sinni á þennan hátt.

Móðir spurði dóttur sína hvað henni þætti skemmtilegast í Fríðuhúsi: *Að Dadda lesi sögu og gamla fólkid hlustar líka, líka gott að borða. Ég borðaði 3 kexkökur og 3 kökur og mér finnst það gott og við fáum sko alltaf Svala þarna.*

Börnin borða fyrst og fær eldra fólkid sér kaffi eftir að börnin eru farin aftur á leikskólann. Í eitt skiptið þegar börnin voru að borða og drekka eftir söngstund sat einn af *eldri vinunum* í Fríðuhúsi við píanóið og spilaði og annar spilaði á munnhörpu. Einn drengjanna var mjög spenntur fyrir tónlistinni og fór beint til þeirra eftir að hafa fengið sér hressingu. Hann settist við fætur þeirra og söng hástöfum með. Hann söng bara *lalla la* því hann kundi ekki textana og vakti það mikla lukku. Píanóleikarinn sagði: *Það er ekki ónýtt að fá svona góðan söngkraft með okkur.* Tríóið hélt áfram að syngja og spila þangað til að lokum voru öll börnin sest hjá þeim og sungu með.

Lokaorð

Markmið verkefnisins var að stuðla að samskiptum milli tveggja kynslóða. Eftir að hafa framkvæmt markvissar skráningar og athuganir benda niðurstöður okkar til þess að skipulagðar samverustundir milli aldraðra og leikskólabarna getur haft jákvæð áhrif á báða hópa. Tónlistin er öflugur miðill sem stuðlar að samskiptum og kveikir auðveldar samræður og samskipti.

Það kom á óvart hvað markvissar skráningar veittu okkur miklar upplýsingar um upplifun barnanna í verkefninu. Ákveðið hefur verið að halda áfram samstarfi við Fríðuhús og verða uppeldisfræðilegar skráningar unnar samhliða því starfi. Borghildur Guðmundsdóttir (2006) lagði spurningalista fyrir foreldra og kom þar fram að börnin væru spennt að fara í Fríðuhús, en sögðu lítið um verkefnið að fyrri bragði. Fyrir þetta verkefni voru foreldrar fengnir til þess að ræða við börn sín um Fríðuhús. Það reyndist mjög vel, gaf þeim sem að verkefninu standa mikilvægar upplýsingar og var tækifæri fyrir foreldra að fræðast um þau verkefni sem börn þeirra eru að taka þátt í.

Reynsla okkar af verkefninu *Tónlist tengir kynslóðir* hefur verið mjög jákvæð frá upphafi. Eldra fólkið talaði um skemmtilega tilbreytingu, börnin hlökkuðu til heimsóknna með nýjum vinum og starfsfólk Fríðuhúss talaði um jákvæð áhrif á þátttakendurna. Hins vegar var þetta verkefni viðbót við daglegt starf leikskólans og tengdist eingöngu óbeint starfi skólans. Markmið þróunarstarfs í leikskóla er að leita leiða sem miða að endurbótum og nýbreytni í leikskólastarfi. Lagt var af stað við að leita leiða til þess að þróa áfram gamla hugmynd með þessum samverustundum í þeim tilgangi að bæta starf Vinagarðs í heild. Það reyndist vel að starfsfólk leikskólans sæi sjálft um undirbúning og framkvæmd verkefnisins og nú hefur Vinagarður gert það að sínu eigin verkefni, með áherslum sem mótaðar eru af markmiðum, þekkingu og áherslum leikskólans.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla 1999.

Borghildur Guðmundsdóttir (2006). Tónlist tengir kynslóðir: Samverustundir barna og fullorðna. Óbirt B.Ed. ritgerð í leikskólafræðum við Kennaraháskóla Íslands.

Brotons, M. og Marti, P. (2003). Music therapy with Alzheimer's patients and their family caregivers: A pilot project. *Journal of Music Therapy*, 40(2), 138-151.

Cevasco, A.M. og Grant, R.E. (2006). Value of musical instruments used by the therapist to elicit responses from individuals in various stages of Alzheimer's Disease. *Journal of Music Therapy*, 34(3), 226-248.

Foley, J. og Lipe, A. (2004). Music therapy model demonstration program for adult day healthcare. *The Gerontologist*, 44(1), 244-245.

Gerdner, L.A. (2005). Use of individualized music by trained staff and family: Translating research into practice. *Journal of Gerontological Nursing*, 31(6), 22-31.

Gordon, A.M. og Williams-Browne, K. (1996). *Beginnings & Beyond* (4. útgáfa). Albany: Delmar Publishers.

Hanna Björg Sigurjónsdóttir og Rannveig Traustadóttir (2001). *Ósýnilegar fjölskyldur: Seinfærar/proskaheftar mæður og börn þeirra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Kristín Björnsdóttir (2002). Þroskaheftir framhaldsskólanemendur. Óbirt M.A. ritgerð í uppeldis- og menningarfræði nr. 1965 við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Shaw, J. og Manthey, C. (2001). *Musical Bridges: Intergenerational Music Programs*. BMB.

Sigríður Pálmadóttir (2003). *Hver er músíkalskur? Námsfni í tónmennt*. Reykjavík.

Sigurður Pálsson (2001). Börn og trú af sjónarhóli sálarfræði, uppeldisfræði og guðfræði. Reykjavík: Skálholtsútgáfan.

Swanwick, K. (1988). *Music, mind and Education*. London: Routledge.

Viðauki 1 – Lög, söngvar og sögur

Allar stundirnar hefjast á því að sungið er lagið *Við setjumst hér í hringinn* og enda á sálminum *Leiddu mína litlu hendi*.

September 2006

Saga dagsins: *Sagan um Kínakonuna*
dagsins:

- Við setjumst hér í hringinn
- Ég á góðan vin
- Takk Guð fyrir daginn í dag
- Út um mó
- Ég heyri þrumur
- Krummi svaf í klettagjá
- Krumminn í hlíðinni
- Í leikskóla er gaman
- Sigga litla systir mín
- Afi minn fór á honum Rauð
- Afi minn og amma mín
- Þetta er sagna um fiskana tvo
- Leiddu mína litlu hendi

Október 2006

Saga dagsins: *Ráð við reiði* (úr sagnaskríninu nr. 209).
Lög dagsins:Lög

- Við setjumst hér í hringinn
- Ég á góðan vin
- Takk Guð fyrir daginn í dag
- Út um mó
- Sumri hallar
- Litli Siggi og litla Sigga
- Frost er úti
- Ég heyri þrumur
- Krummi svaf í klettagjá
- Krumminn í hlíðinni
- Í leikskóla er gaman
- Sigga litla systir mín
- Afi minn fór á honum Rauð
- Afi minn og amma mín
- Þetta er sagan um fiskana tvo
- Leiddu mína litlu hendi

Nóvember 2006

Saga dagsins: *Regnbogafiskurinn*

Lög dagsins:

- Við setjumst hér í hringinn
- Afmælisöngurinn
- Ég á góðan vin
- Takk Guð fyrir daginn í dag
- Út um mó
- Sumri hallar
- Litli Siggi og litla Sigga
- Frost er úti
- Ég heyri þrumur
- Í leikskóla er gaman
- Sigga litla systir mín
- Afi minn fór á honum Rauð
- Afi minn og amma mín
- Þetta er sagan um fiskana tvo
- Haldið ekki að Halli komi
- Gráðug kerling
- Jesús er bjargið
- Leiddu mína litlu hendi

Desember 2006

Saga dagsins: *Jólasaga*

Lög dagsins:

- Við setjumst hér í hringinn
- Við kveikjum einu kerti á
- Bráðum koma blessuð jólin
- Skín í rauða skotthúfu
- Jólasveinar ganga um gólf
- Jólasveinar einn og átta
- Í skóginum stóð kofi einn
- Kátt er á jölunum
- Skreytum hús
- Ég sá mömmu kyssa jólasvein
- Jóla klukkur klingja
- Bjart er yfir Betlehem
- Þá nýfæddur Jesús
- Við óskum þér góðra jóla
- Ó ljóssins faðir (einsöngur)
- Leiddu mína litlu hendi

Janúar 2007

Jólaball og jólin dönsuð út.

Lög dagsins:

- Við setjumst hér í hringinn
- Við kveikjum einu kerti á
- Bráðum koma blessuð jólin
- Skín í rauða skotthúfu
- Jólasveinar ganga um gólf
- Jólasveinar einn og átta
- Í skóginum stóð kofi einn
- Kátt er á jólnum
- Skreytum hús
- Ég sá mömmu kyssa jólasvein
- Jólaklukkan klingja
- Bjart er yfir Betlehem
- Þá nýfæddur Jesús
- Við óskum þér góðra jóla
- Ó ljóssins faðir (einsöngur)
- Leiddu mína litlu hendi

Febrúar 2007

Saga dagsins: *Hænan sem skýldi ungunum nsínum (rabbhænan sem hjálpartæki)*

Lög dagsins:

- Við setjumst hér í hringinn
- Við erum vinir
- Við erum góð
- Sunnudagur, mánudagur
- Frost er úti
- Úti í bæ á öskudag
- Allir hlægja á öskudaginn
- Á bolludegi
- Komdu með mér út
- Jesús er bjargið
- Ég negli og saga
- Gráðug kerling
- Haldið ekki hann Halli
- Fukkan hennar Dóru
- Ó mamma gef mér rós
- Leiddu mín litlu hendi

Mars 2007

Saga dagsins: *Sagan um skessuna*

Lög dagsins:

- Við setjumst hér í hringinn
- Við erum vinir
- Við erum góð
- Sunnudagur, mánudagur
- Frost er úti
- Krossinn á Golgata stóð
- Takk Guð fyrir daginn í dag
- Jesús er bjargið
- Ég negli og saga
- Gráðug kerling
- Haldið ekki hann Halli
- Fukkan hennar Dóru
- Ó mamma gef mér rós
- Ljosið (nýtt lag eftir Þorbjörgu)
- Leiddu mín litlu hendi

Apríl 2007

Lög dagsins:

- Við setjumst hér í hringinn
- Við erum vinir
- Við erum góð
- Takk Guð
- Þula: þumalfingur
- Sigga litla systir mín
- Afi minn fór á honum Rauð
- Afi minn og amma mín
- Fljúga hvítu fiðrildin
- Þula: þessi datt í sjóinn
- Sá ég spóa
- Allir krakkar
- Þula: Mikki mús
- Ég á góðan vin
- Leiddu mín litlu hendi
- Dans í lokin

Maí 2007

Lög dagsins:

- Við setjumst hér í hringinn
- Við erum vinir
- Við erum góð
- Vertu til er vorið kallar á þig
- Takk Guð
- Þula: þumalfingur
- Bílalögin
- Sigga litla systir mín
- Afi minn fór á honum Rauð
- Afi minn og amma mín
- Fljúga hvítu fiðrildin
- Þula: þessi datt í sjóinn
- Sá ég spóa
- Allir krakkar
- Þula: Mikki mús
- Ég á góðan vin
- Leiddu mín litlu hendi

Júní 2007

Lög dagsins:

- Við setjumst hér í hringinn
- Við erum vinir
- Við erum góð
- Vertu til er vorið kallar á þig
- Takk Guð
- Þula: þumalfingur
- Bílalögin
- Sigga litla systir mín
- Afi minn fór á honum Rauð
- Afi minn og amma mín
- Fljúga hvítu fiðrildin
- Þula: þessi datt í sjóinn
- Sá ég spóa
- Allir krakkar
- Þula: Mikki mús
- Ég á góðan vin
- Engin er sem þú
- Leiddu mín litlu hendi

Viðauki 2 – Lag eftir skjólstæðing Fríðuhúss

C
Nálgast jól á ný,
F
Nú er margt að sjá.
G7
Gullin gerast ský
C
Glampar stjörnum frá.

Bjart er bæjum í,

ber ei skugga á.

Þar sem jólaljósinn loga

litlum björnum hjá.

Hækkar sól, heilög jól

heimi boðar frið.

Lönd og sæ, sérhverni bæ

Signir engalið.

Klukknahljóð, klukknahljóð

Kætir engalið.

Litlu börnin brosa og kætast

betra er ekkert til.